



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

JRP/aa

Reykjavík 14.02. 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003, 436. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti nr. 81/2003, 436. mál.

Markmið frumvarpsins er m.a. að tryggja betur öryggi í fjarskiptum og auka neytendavernd. Samkvæmt umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar mun kostnaður Póst- og fjarskiptastofnunar vegna frumvarpsins aukast um 21 mkr. m.a. vegna ráðningar tveggja sérfræðinga. Þessum aukna eftirlitskostnaði er að hluta til velt yfir á fjarskiptafyrirtækin og þar með neytendur með útvíkkun á gjaldstofni rekstrargjalds með frumvarpinu. Gjaldstofnin mun nú einnig taka til internetsnoktunar og færir þessi „útvíkkun“ eftirlitsstofnunni 4,5 mkr. í auknar tekjur. Sagt er að öðrum útgjöldum frumvarpsins verði mætt með hagræðingu innan „útgjaldaramma“ Póst- og fjarskiptastofnunar. Þessar staðhæfingar um þörf á hagræðingu eru sérkennilegar í ljósi þess að stofnunin fékk rekstrargjaldið hækkað sérstaklega úr 0,20% af bókfærðri veltu í 0,30% með lögum nr. 172/2006 sem afgreidd voru á mettingu í desember sl., þótt allan rökstuðning skortir fyrir þeirri skattahækkun. Þessi hækkun skilaði stofnunini auknum tekjum sem nam 25 mkr. á ári auk fleiri gjaldsskrár breytinga.

Samtök atvinnulífsins lýsa andstöðu við þeirri forræðishyggju sem felst í ákvæði 4. gr. frumvarpsins undir yfirskyni neytendaverndar. Samkvæmt ákvæðinu verða allir viðskiptasamningar sem eru lengri en sex mánuðir bannaðir. Svona ákvæði er ekki að finna í löggjöf fyrir aðrar atvinnugreinar, t.d. hjá bankastofnunum. Fjarskiptafyrirtækin hafa bent á að þetta muni hafa þær afleiðingar að þegar þriðju kynslóðar farsímar koma á markað héraendis verður ólöglegt að selja þá til neytenda á viðráðanlegu verði gegn skuldbindingu neytendans um a.m.k. árs viðskiptasambands. Svona einhliða bannákvæði mun því torvela neytendum aðgang að nýjustu tækni. Viðskiptasamningar sem eru lengri en 6 mánuðir tíðkast um heim allan og dæmi er um allt að 2ja ára samninga fjarskiptafyrirtækja. Athygli vekur að ekki er vísað til nokkurra fordæma í löggjöf annarra þjóða eða EB réttar þessu bannákvæði frumvarpsins til stuðnings. Samtök atvinnulífsins treysta því að samgöngunefnd Alþingis endurskoði þetta svokallaða neytendaverndarákvæði við yfirferð frumvarpsins.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtökin vara einnig við ákvæði 6. gr. frumvarpsins, sem veitir Póst- og fjarskiptastofnun víðtæka heimild til að setja reglur um „ráðstafanir“ fjarskiptafyrirtækjanna til að „stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP- fjarskiptaþjónustu og undirliggjandi IP- fjarskiptneta“, eins og lýst er í athugasemdum greinarinnar. Þessi reglugerðar heimild er mjög almennt orðuð sbr. a. – g. liðir 6.gr. frumvarpsins. Svona opnar reglugerðarheimildir er varasamar og kunna að fela í sér framsal á lagasetningarvaldi sé ekki gætt meðalhófs við reglusmíðina.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson hrl.

